

**Nd.**

**403. Frumvarp til laga**

um stofnun kennaradeildar á efstu hæð í húsi Háskóla Íslands.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Deild í kennslufræðum skal stofna á efstu hæð í húsi Háskóla Íslands. Þar skulu barnakennaraefni undirbúin til þess að standa fyrir fræðslu. Heimilt skal ríkisstjórn að bæta við tveggja vetra kennslu vegna kennara við héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Fyrirkomulag þessarar framhaldskennslu skal ákveðið í reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur með aðstoð kennsludeildarhúsnefndar. Kennsludeildarhúsnefnd skal skipuð 3 mönnum. Alþýðusamband Íslands, Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda og félagsmálaráðherra tilnefna sinn manninn hver í kennsludeildarhúsnefnd.

2. gr.

Í kennaradeild skulu vera 5 bekkir óskiptir. Aldur nemenda sé minnstur 18 ára, og enginn getur þaðan útskrifast undir 23 ára aldri.

Konur sem karlar hafa rétt til náms.

3. gr.

Haga skal vinnubrögðum í kennaradeild eins og bezt hentar og kennsludeildarhúsnefnd ákveður. Námið fari fram á þessum stöðum: Íþróttaskólanum að Laugarvatni, Reykjum í Ölfusi, húsi Samvinnuskólans í Reykjavík, efstu hæð í húsi Háskóla Íslands og á íslenskum togara.

4. gr.

Inngöngu í kennaradeildina fá konur og karlar, geti þau sannað: Likamlega hreysti og dugnað í erfiðisvinnu. Árslanga erfiðisvinnu í sveit, við öll venjuleg sveitastörf, enda hafi umsækjandi ekki tekið hærri laun hjá bónda en lög um gengisskráningu frá 4. apríl 1939 og breytingar á þeim lögum 5. jan. 1940 mæla fyrir um. Algert bindindi á vín, tóbak, kókaín og morfín. Skulu vottorð sóknarprests, kennara og kaupfélagsstjóra um þetta ein teljast fullgild. Fullkomið flekklaust siðgæði, vottað af yfirsetukonu og prestskonunni sinnar sveitar. Að umsækjandi hafi aldrei sézt í félagsskap fólks, sem vill viðhalda eða afnema þjóðskipulagið með ofbeldi. Að öðru leyti verður nemandi að standast sömu prófraun við inntöku og tíðkast í gagnfræðaskólum vestanlands, að því viðbættu, að hann verður að skilja og geta lesið með viðunandi framburði uppeldisfræðirit á finnsku, dönsku, ensku og þýzku.

5. gr.

Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda ákveður á árlegum hluthafafundi, hve marga nýja nemendur skuli taka í kennaradeildina næsta vor. Félagsmálaráðherra ákveður, í því tilfalli, að fleiri séu umsækjendur en skólahúsið rúmar, hverjir skulu teknir í deildina að  $\frac{1}{5}$  af tölu umsækjenda, sem skólinn rúmar. Rektor menntaskólans skal í samráði við formann samvinnuskólans síðan ráðstafa  $\frac{4}{5}$  hlutum umsækjenda, sem húsið rúmar, að fengnum tillögum menntamálaráðs.

6. gr.

Nemendur vinna algenga erfiðisvinnu fyrsta námsárið á Laugarvatni og Reykjum, undir vinnuforystu skólastjóranna á stöðum þessum. Fimmta og síðasta árið skal þjálfá kennaraefnin í sjómennsku og íþróttum, stúlkur í dansi, pílta í íslenskri glímu án belta. Jafnhliða skal þetta unga námsfólk læra að stjórna bifreið, ef þau kunna það ekki áður, og gegnir sama máli um allar aðrar námsgreinar. Þá skal það og jafnframt fá góða æfingu í vegagerð, skurðgrefti og venjulegum jarðabótum. Þegar þetta er fullnumið, tekur það próf í ofantöldum greinum.

7. gr.

Annan og fjórða vetur stunda kennaraefnin söng og sálarrannsóknir og fleiri námsgreindir samkvæmt ákvörðun kennsludeildarhúsnefndar.

8. gr.

Þriðja námsárið stunda kennaraefnin barnakennslu í dreifbýlinu viðsvegar um land. Fá nemendurnir þá ókeypis fæði og húsnæði, eftir mati kennsludeildarhúsnefndar.

9. gr.

Fimmta og síðasta námsárið stunda kennaraefnin fiskiveiðar á íslenskum botnvörpuskipum. Skal það nám kennaraefnum kostnaðarlaust með öllu. Meðan togarinn liggur í höfn í höfuðstað landsins, Reykjavík, skal æfa nemendurna í þjóðlegum dansi og íslenskri glímu í húsi Samvinnuskólans, eða grennd, undir eftirliti skólastjóra.

10. gr.

Standist kennaraefni ekki próf ár hvert, eða gerir sig sekt um óreglu, eða að vera á annari skoðun en kennarar þess og yfirboðarar, og láti það skoðun sína koma nokkurstaðar fram í ræðu eða riti, eða hafi í frammi aðra ólýðræðissinnaða fram-

komu, ósamboðna manni, sem á að móta íslenzka æsku, skal skólastjóri, að fengnu samþykki kennsludeildarhúsnefndar, synja því kennaraefni um framhald námsins og sjá um, að viðkomandi fái ekki burtfararpróf úr þeim skóla eða öðrum.

#### 11. gr.

Kennarar kennaradeildar njóta sömu launa og hlunninda og rektor menntaskólans. Skal ríkisstjórn og skylt að láta þá sitja fyrir allri aukavinnu og nefndarstörfum, sem launuð eru.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Vorið 1940 og næstu sjö ár þar á eftir skulu engir nýir nemendur teknir í Kennaraskóla Íslands.

Á meðan kennaradeild starfar í húsi Háskóla Íslands í Reykjavík, hafa þeir einir, sem þaðan hafa tekið burtfararpróf, rétt til að kalla sig háskólagengna ríkisborgara.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta og tillögurnar, sem það hefir inni að halda, eru fram bornar síðla þings og því vafasamt, hvort um þær verði nokkrar umræður, eða hvort nokkur nefnd tekur það til athugunar. Þó finnst mér rétt og full ástæða til að láta frumvarpið koma fram nú á þessu þingi, til þess að þjóðin og lýðræðissinnað fólk hvarvetna um land geti kynnt sér það, rætt um það, skrifað um það og gagnrýnt það, ef einhver álti sig til þess færan, svo vandlega sem frá því er gengið bæði að efni og formi. Ætlast ég til, að frumvarpinu verði vel tekið hvar sem menn hafa áhuga fyrir uppeldismálum og togaraútgerð.

Ég fæ naumast skilið, að tillögur mínar mæti mótmælum og mótblæstri úr þeim tveim áttum, sem til eru. Þó munu sumir af maktarmönnum ónefnds skóla ekki vera neitt hugfangnir af því, að nemendur, sem ekki eru stúdentar og aldrei verða stúdentar, skuli verða í því húsi, sem sá skóli er í. Verði þeir á móti mér í þessu máli, er það vegna þess, að þeir vita ekki, að faðir íslenzkra skólamála frá árinu 1643 hafði þessa sömu skoðun og ég. Hann vildi, að einn skóli sé í mörgum deildum, sumir stúdentar séu nemendur, aðrir ekki, allt eftir því, sem fólkinu hentar best í það og það skiptið. Þessir menn myndu hinsvegar telja það vegsemd fyrir skólann, að kennaradeild yrði stofnuð þar, ef í hana kæmu svo engir nema nemendurnir.

Til eru aðrir menn, sumir þeirra mjög áhrifaríkir í mínum flokki, sem vilja að visu breyta kennaraskemmtuninni nokkuð. En þeir vilja hafa kennaradeildina í sveit, en ekki í húsi háskólans. Fengju þessir menn vilja sínum framgengt, væri sama tregðan á því og áður var að fá háskólagengna menn í dreifbýlið og kaupþúnin. Og hvað væri þá unnið?

Einn af duglegustu skólastjórum á landinu, sem gengið hefir í marga skóla, segir öðrum manni, að vera sín eina vertið á íslenzkum togara hafi verið langbýðingarmesta æfingin, sem hann hafi hlotið í lífinu. Þess vegna legg ég til, að kennaraefnin, sem eiga að ala upp lítil íslenzk börn, séu skylduð til að vera að minnsta kosti eina vertið til sjós á íslenzkum togara, enda reiknist sá vetur með námstímanum.

Í kaupstöðum og bæjum ber mjög mikið á námsþreytu í börnum og unglingum. Börnin vilja heldur leika sér, vera að íþróttum og stunda vinnu og eru ekki neitt sérlega hrifin af bóknámi. Frumvarp mitt ætti sízt að mæta andblæstri úr þeirri átt.

Viðvikjandi einstökum greinum vildi ég segja þetta:

#### Um 1. gr.

Ákvæðið um, að deildin skuli hafa aðsetur á efstu hæð, er sett til þess að fyrirbyggja, að hún verði höfð í kjallara hússins. Þriggja manna nefnd, skipuð fulltrúum þriggja stærstu þingflokka, er orðið hefðbundið ákvæði, sem eigi þykir hlíta, að vanti í nútíma umbótalöggjöf lýðfrjálsrar þjóðar.

Um 2. gr.

Eftir ýtarlega umhugsun hafa mér ekki getað dottið í hug heppilegri vottorðsgefendur en yfirsetukona og prestskona sinnar sveitar, en vera má, að einhverjum hv. þm. félli betur að hafa þar til kvadda aðra votta, svo sem þingmann kjördæmisins, og myndi ég eigi gera slíka breytingu á greininni að ágreiningsefni.

Um 10. gr.

Ákvæðin, sem þar eru sett, kynni einhverjum hv. þm. að finnast óþörf, þar eð skólamenn okkar hafa um margra ára skeið framkvæmt þessa sjálfsögðu mannúðlegu og lýðræðissinnuðu aðferð til þess að hindra útbreiðslu óhollra og ólýðræðissinnaðra strauma inn í okkar friðsama þjóðlíf. Ákvæðið er því aðeins sett í greinina til þess að lögfasta praktiseraða venju.

Verði málinu vísað til hv. allsherjarnefndar, vildi ég, til þess „að halda dyrum opnum í báðar áttir“, óska eftir því, að hún geri sínar breytingartillögur í samráði við mig, og mun ég þá ganga svo langt sem virðingu minni sem þingmanns er samboðið og fært til samkomulags um efnis- og orðabreytingar á frumvarpinu. Þó ekki lengra en að breytingar hv. nefndar verði ekki meiri en breytingar þær, sem hún gerði á frumvarpi hv. félagsmálaráðherra um eftirlit með sveitarfélögum og samþykktar voru í hv. neðri deild, né meiri en breytingartillögur hv. allsherjarnefndar sameinaðs þings við þingsályktunartillöguna varðandi flokksstarfsemi, sem brýtur í bág við öryggi ríkisins.